

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1983

21. mars 1983

253

Nr. 149

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 327 21. júní 1982, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Í stað c) og d) liðar 1. töluliðar 1. mgr. 2. gr. komi tveir liðir er hljóði svo:

c) 63°10'0 N 21°10'0 V

d) 63°10'0 N 22°00'0 V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 26. mars 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

10. mars 1983

Nr. 150

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem heilbrigðisfulltrúi hér á landi og kalla sig heilbrigðisfulltrúa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim, sem hefur menntun á sviði heilbrigðiseftirlits, sem heilbrigðismálaráðuneytið metur gilda. Áður en leyfi er veitt skal leita álits Hollustuverndar ríkisins um hæfni umsækjenda.